



**Skúli S. Ólafsson**  
sóknarprestur í Keflavíkirkirkju

## **Stefnumótun í Keflavíkursókn** **Staða mála vorið 2008**

**Lagt fram á aðalsafnaðarfundi**  
**26. maí 2008**

Stefnumótun Keflavíkirkirkju var samþykkt á fyrsta sóknarnefndarfundum haustsins og með henni fengu leikmenn og starfsfólk safnaðarins leiðarvísi fyrir frekari verkefni. Segja má að með þessari vinnu hafi sóknarnefndin starfað í þeim anda sem henni er ætlað að gera, þ.e.a.s. hún hefur horft til framtíðar á breiðum og almennum grunni en eftirlátið starfsfólki og sjálfbodaliðum að útfæra hugmyndirnar í einstökum atriðum.

Markmið þessarar vinnu voru þrenns konar:

- ❖ **Framtíðarsýn:** horft til framtíðar, sett markmið, verkefnum forgangsraðað og greint betur á milli nauðsynlegra verkefna og ónauðsynlegra.
- ❖ **Hópefli:** fagleg vinna í safnaðarstörfum þróuð og eflað.
- ❖ **Kynning og tengsl:** samstarfið við ýmsa hópa í samfélaginu aukið og safnaðarstarfið kynnt.

Í meginráttum má segja að markmiðum þessum hafi verið náð:

- ❖ Hvað sjálfa **framtíðarsýnina** varðar, sem var meginmarkmiðið, hefði mátt leggja meiri áherslu á því að raða málum í forgang eftir mikilvægi verkefnanna en slíkar niðurstöður liggja ekki fyrir í sjálfri skýrslunni. Segja má að þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi safnaðarins undanfarið hafi þó miðað að því marki. Þar hefur auknum fjármunum verið varið í sjálft safnaðarstarfið en leitast við að minnka yfirbygginguna. Viðvera starfsfólks hefur verið minnkuð, dregið hefur verið úr ýmsum kostnaði. Unnið hefur verið að því að endurskipuleggja útleiguna á salnum með það að marki að nýting fjármagns og starfskrafta kirkjunnar verði í hámarki. Stefnumótun hefði getað veitt góða leiðsögn í þessum efnunum.
- ❖ Vel tókst til við að skapa það **hópefli** sem stefnt var að en sjálf vinnan átti mikið undir því komið að vel tækist til á þeim vettvangi þar sem niðurstaðan er lögð fram í nafni sóknarnefndar. Skálholtsferðin heppnaðist vel, vinnufundir voru ófáir

við undirbúninginn og opna húsið 4. mars var dæmi um það góða hópefli sem myndaðist við undirbúninginn.

- ❖ **Kynning og tengsl** gengu að sama skapi ágætlega. Fjöldi gesta sótti opna húsið heim og alls voru haldnir 10 kynningarfundir í samfélaginu þar sem stefnumótunin var kynnt á ýmsum stigum vinnunnar. Þá var verkefnið kynnt á vegum prófastsdæmisins.

Safnaðarstörfunum var skipt í þrjá meginflokka:

- ❖ Helgihald og menningarstarf
- ❖ Æskulýðsstarf og kærleiksþjónusta
- ❖ Samskipti og tengsl.

Þegar hugmyndirnar er bornar saman við þá starfsemi sem fram hefur farið í kirkjunni í vetur má þegar sjá hversu margt hefur þar orðið að veruleika. Í þessari samantekt á árangrinum að stefnumótuninni afstaðinni verður fylgt þeim hugmyndum sem settar voru fram í plagginu sem samþykkt var s.l. haust:

#### Helgihald og menningarstarf

- Þjóða áfram upp á góðar messur sem eru fjölsóttar og fjölbreyttar
  - Virkja áfram félög og félagasamtök í messum
  - Útskýra guðsþjónustuformið fyrir söfnuðinum
  - Kirkjan verði vettvangur fjölskyldunnar
  - Vekja upp grasrótina og ná til ungs fólks
  - Byggja upp samkennd innan safnaðarinnar
  - Finna fleirum hlutverk í messum
  - Laða að fleiri hópa til kirkju
  - Kyrrðarstundir verði áfram haldnar
  - Stofna Hollvinasamtök kirkjunnar
  - Kirkjan verði opin og til staðar fyrir þá sem þangað vilja leita
  - Kirkjulistahátíð sett á laggirnar
  - Kirkjubyggingu breytt – kirkja og kór stækkaður
  - Saga Keflavíkurkirkju verði gerð sýnileg
- 
- ❖ **Messur eru fjölbreyttar og undantekningarlítið vel sóttar.** Til þess að ná fram þessu markmiði hefur starfsfólkið lagt sig sérstaklega fram um að gera þær guðsþjónustur vel úr garði þar sem ekki hefði að öðrum kosti verið von á mörgum gestum. Þetta á einkum við um sunnudagana að loknum páskum, í upphafi árs og yfir sumartímenn. Hópum er boðið til þátttöku í helgihaldinu, útimessur síðasta sumars drógu að sér marga gesti og tónlistin í guðsþjónustunum var fjölbreytt og lifandi. Alls voru guðsþjónustur 85 talsins í vetur auk fjölda barnasamvera, kyrrðarstunda og annarra viðburða í kirkjunni.
  - ❖ Þátttaka **félagasamtaka** hefur verið eflað innan helgihaldsins með *messuhópum* sem gefa leikmönnum tækifæri til þess að taka virkari þátt í guðsþjónustunni en

ella. Tveir undirbúningsfundir fara fram með prestri og organista þar sem fólk velur sálma, les saman texta og semur bænir sem fluttar eru. Þessi viðleitni nær að sama skapi yfir þann lið að **finna fleirum hlutverk í messum**. Þetta á einnig við um **kyrrðarstundirnar**, þar sem þátttakendur hafa tekið að sér að lesa texta að eigin vali sem síðan er ræddur með hópnum.

- ❖ Leitast var við að **útskýra guðsþjónustuformið fyrir kirkjugestum**. Við fyrstu guðsþjónustur haustsins höfðu fermingarbörnin það hlutverk að skýra út einstaka liði messunnar fyrir gestum.
- ❖ Sú viðleitni að gera kirkjuna að **vettvangi fjölskyldunnar** birtist m.a. í öflugu fjölskyldumessuformi. Barnastarfið teygir sig allt til enda maímánaðar og er þar boðið upp á leikrit og fleira sem dregur börn og fullorðna að. Þá hefur verið lögð alúð við að efla **samfélagið** sem myndast eftir guðsþjónustur í safnaðarheimilinu. Ber þar ekki síst að nefna framtak æskulýðsfulltrúans að efna til sölu á kirkjulegum munum eftir messur en slíkt kallar fram skemmtilega torgstemmningu.
- ❖ Óhætt er að segja að kirkjan **dragi til sín ungt fólk** en barnastarfið er öflugt og verður sífellt viðameira og fer að stórum hluta til utan veggja kirkjunnar.
- ❖ **Unglingastarf** er sem fyrr í stöðugri þróun innan kirkjunnar og má í því sambandi nefna að fræðslusamverum í tengslum við fermingarfræðslu hefur stórfjölgað. Nú hefst hún að voru með kynningarfundum barna og foreldra en formlegt starf hefst um miðjan ágúst. Fyrirhugað er að hafa dagskrá næsta haust fyrir 9. bekkinga sem fermdust vorið áður. Þá er unnið að því með KFUM og KFUK að þróa unglingastarfið frekar.
- ❖ Mikið hefur verið unnið að því að efla **samkenndina innan safnaðarins**. Kirkjan stendur sem fyrr opin fyrir félagasamtök sem hingað vilja leita. Þátttaka kirkjunnar í margvíslegu starfi innan sveitarfélagsins miðar að því að gera hana sýnilega þeim sem á þurfa að halda. Loks ber að nefna að sú hvatning sem leikmenn finna um aukna þátttöku, í guðsþjónustum, barnastarfi, kyrrðarstundum og ýmsu fleiru miðar öll að þessu marki. Vel heppnuð árshátíð safnaðarins nú í vor er liður að þessu marki.
- ❖ Segja má að **kirkjudagar og opið hús** hafi fest sig í sessi í kirkjustarfinu. Stefnumótunarvinnan var vitaskuld vettvangur slíkra viðburða í fyrra en nú í vetur var það undirbúningur að framkvæmdum innan kirkjunnar sem markaði rammann utan um opna húsið. Í framtíðinni má þó víkka út slíka viðburði og efna til kirkjuviku í Keflavíkursókn.
- ❖ Loks ber að geta þess að **saga kirkjunnar** er nú aðgengileg á heimasíðunni og ber þar sérstaklega að þakka Birgi Guðnasyni, Kristjáni Jónssyni og Hjördísi Kristinsdóttur sem tóku efnið saman úr bókinni Sögu Keflavíkurkirkju. Þeir Birgir og Kristján hafa þar að auki unnið að því að skrá muni kirkjunnar fyrir bókina Kirkjur Íslands sem kemur út á næstunni í ritstjórn Gunnars Kristjánssonar. Ágrip af þessari vinnu má lesa á veggspjöldum hér á ganginum og gamli predikunarstóllinn fer vart framhjá neinum. Hefur þetta að vonum vakið mikla athygli.

Tvennt af því sem fellur undir liðinn helgihald og menningarstarf hefur enn ekki verið ráðist í að ljúka:

- ❖ Eftir að **stofna Hollvinasamtök kirkjunnar** en undirbúningur slíkrar vinnu er þegar hafinn. Þátttakendur á foreldramorgnum hafa komið þar inn í myndina og almennur vilji er fyrir því að efna til starfshópa innan safnaðarins þar sem leikmenn geta komið saman og unnið með starfsfólki kirkjunnar, á því sviði sem fellur að áhugamálum þess. Þá má vinna áfram með þá hópa sem myndaðir voru í tengslum við stefnumótunina og unnu að menningar- og tónlistarmálum, æskulýðsmálum og kærleiksþjónustu og loks samskiptamálum og tengslum. Verður formleg stofnun slíkra hópa ofarlega á forgangslistanum fyrir komandi vetur.
- ❖ Þá er **kirkjulistahátíð** ekki enn orðin að veruleika en rétt er þó í því sambandi að minnast á málþing og opið hús sem haldið var í apríl þar sem unnið var að málum tengdum hönnun innréttinga í kirkjunni. Málþing um listaverkin hennar Sossu sem haldið var í haust er auk þess skref í rétta átt. Jarðvegurinn fyrir slíka hátíð er því til staðar og í raun ekkert að vanbúnaði að hefja formlegan undirbúning.

### Æskulýðsstarf og kærleiksþjónusta

- Heimsóknir áfram í leikskóla einu sinni í mánuði
  - Leikskólabörn áfram í heimsókn um jól og páska
  - Heimsóknir áfram í frístundaskóla
  - Efla þarf samstarf við KFUM/K – æskulýðsmessur
  - Vinna með félagasamtökum að forvarnarverkefnum
  - Sjá fermingarbörnum fyrir verkefnum í messum
  - Efla söngstarf barna og unglunga innan kirkjunnar
  - Unglingamenning
  - Foreldramorgnar einu sinni í viku
  - Tengjast nýbúum
  - Skipuleggja sjálfböðavinnu
  - Skerpa á hlutverki og ábyrgð skírnavotta
  - Opið hús í Kirkjulundi – ýmis þemu
  - Unnið verði í samstarfi við félagsþjónustuna að mannræktarmálum.
  - Hlutverk prestanna sem sáttamanna og ráðgjafa í skilnaðarmálum verði eftt með námskeiðshaldi og málþingum.
- ❖ Heimsóknir í **leikskóla og frístundaskóla** eru fastur liður í starfi æskulýðsfulltrúa. Unnið hefur verið á þeim góða grunni sem myndaður hefur verið og er í því sambandi nærtækt að nefna dagskrána „Styttur bæjarins“, sem fram fór á Degi barnsins 25. maí s.l.. Hún fór fram í samvinnu kirkjunnar og leikskólanna. Börnin koma í kirkjuna reglulega og er unnið áfram á þeim vettvangi.
  - ❖ Þátttakendur í **foreldramorgnum** hafa að sama skapi verið virkari en áður og er boðið þar upp á fræðslu í tengslum við samverurnar.
  - ❖ Unnið er með **félagasamtökum að mannræktarverkefnum. Áfram ábyrg** verkefnið hlaut nú á dögnum 350 þús. kr. styrk úr Manngildissjóði

sveitarfélagsins og verður Haraldur Gunnarsson stud. theol. verkefnisstjóri *Áfram ábyrg* með það að marki að skipuleggja stuðning fyrir börn fráskilinna foreldra.

Af því sem efla má undir þessum lið, ber að nefna:

- ❖ Efla þarf og skipuleggja betur **vinnu með sjálfboðaliðum**. Safna þarf saman nöfnum með þeim sem vilja láta gott af sér leiða fyrir söfnuðinn, en þeir eru ófáir. Þá þarf að taka saman lista yfir verkefni sem vinna þarf að.
- ❖ **Nýbúastarf** er nokkuð sem söfnuðurinn mætti huga að. Árið 2007 var tíundi hver íbúi í Reykjanesbæ af erlendu bergi brotinn og er hlutfallið í Keflavíkursöfnuði líklega hærra. Þetta er að öllum líkindum helsta ástæða þess að hlutfall þjóðkirkjufólks í söfnuðinum hefur farið lækkandi undanfarin ár og nú er svo komið að aðeins 82% íbúanna tilheyra Þjóðkirkjunni. Vafalítið er það þó fullmikil bjartsýni að ætla að vinna meðlimi með átaki á þessu sviði. Frekar ber að líta á það sem kærleikspjónustu sem kristinn söfnuður á að leggja kapp á að vinna.
- ❖ Mikilvægt er að **þróa frekar samstarfið við KFUM og KFUK**. Gera þarf skriflegan samning við félagið þar sem væntingar eru útlistaðar og söfnuðurinn fær tilefni til þess að ræða taka þátt í mótun starfsins. Mikill fengur væri í því að fá launaðan starfsmann til félaganna. Slíkt myndi gera þeim kleift að semja við fleiri sóknir um þjónustu og svo í framtíðinni gæti félagið jafnvel unnið fyrir sveitarfélög með ýmis konar æskulýðsstarf. Enginn vafi er á því að með því að efla leikmannahreyfingu þessa mætti færa æskulýðsstarf upp á herra plan. Félögin byggja á sama grunni og þjóðkirkjan, og búa yfir mikilli reynslu að æskulýðsmálum. Þá njóta þau trausts á svæðinu eftir áratuga þjónustu.
- ❖ Frekari vinna við **samstarf við nágrannasöfnuðina** hefur farið fram. Unnið hefur verið að því að þróa samstarfsvettvang safnaðanna á Suðurnesjum undir forystu prófests og héraðspresta hans og var Halldór Leví í undirbúningshópi ásamt sr. Elínborgu Gísladóttur sóknarpresti í Grindavík og sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur héraðspresti. Sumarmessurnar eru einn sýnilegasti samstarfsvettvangur safnaðanna þar sem þeir hafa í mörgum tilvikum lagt saman krafta sína.
- ❖ **Söngstarf barna og unglunga** er nefnt í stefnumótuninni og má segja að unnið sé að því markmiði á hverjum sunnudegi yfir vetrartímamann við barnsamverur og á vegum KFUM og KFUK. Söngstarf er líka hluti af fermingarfræðslunni en börnin fá rækilegan undirbúning fyrir sjálfa athöfnina þar sem farið er yfir alla sálma. Umræður um málefni barna- og unglungakórs þurfa þó að fara fram og taka þarf ákvörðun um framhald þeirrar vinnu.

### Samskipti og tengsl

- Senda áfram út viðburði kirkjunnar á netinu – „kaplinum“
- Heimasíða verði áfram virk og uppfærð reglulega.
- Auglýsingar verði hvetjandi
- Dagskrá kirkjunnar verði áfram gefin út.
- Lifandi kynning á biblíunni fyrir alla aldurshópa
- Kirkjudagur verði í október og mars – opið hús

- Fyrirlesarar fyrir og eftir messu
- Kirkjan verði sýnilegt afl í samfélaginu
- Fræðslufundir – samræður við samtímann
- Tengsl við stofnanir s.s. sjúkrahús og dvalarheimili aldraða
- Heimsóknir til allra skólastiga
- Samskipti við nágrannasóknir
- Endurreisa bræðra- og systrafélög
- Samstarf við leikfélagið
- Göngumessur – Pop –messur

- ❖ **Heimasíðan** er uppfærð nokkrum sinnum í viku. Þar má fá upplýsingar um komandi atburði, lesa pistla og predikanir, skoða myndir úr starfinu og fræðast um sögu kirkjunnar. Alls hafa 22 predikanir eða pistlar verið birt á síðunni á því ári sem liðið er frá síðasta aðalsafnaðarfundi auk fjölmargra tilkynninga og mynda.
- ❖ **Dreifirit** eru send út fjórum sinnum á ári og er þar m.a. birtar allar messur og starfsemin á viðkomandi tímabili. Bæjarblöðin og Morgunblaðið birta okkur að endurgjaldslausu messutilkynningar og stöku sinnum eru auglýsingar keyptar í viðkomandi miðlum. Veggspjöld eru hengd upp í kirkjunni með **dagskrá kirkjunnar** og hefur Erla safnað netföngu þátttakenda sem fá til sín tölvupóst þegar eitthvað stendur til. Þetta skiptir allt mjög miklu máli. Jafnvel enn mikilvægara er þó hið persónulega samband þar sem fólk er hvatt til þess að mæta og tekið er á móti því með opnum örmum. Sóknarnefndarfólk ætti að hafa það í huga!
- ❖ **Samskiptin við nágrannasóknirnar** eru talsverð, einkum yfir sumartímann, þegar söfnuðirnir sameina krafta sína í líflegu helgihaldi utandyra. Þá hafa tengslin við prófastsdæmið gefið góðan ávöxt. Hefur söfnuðurinn efnt til málþings í samvinnu við Kjalnesinga, hann hefur þegið styrki fyrir ýmsum verkefnum og loks ber að nefna eftirminnilegar Þýskalandsferðir undir forystu prófasts.
- ❖ **Fræðslufundir** hafa verið allmargir. Sr. Sigfús hefur haldið nokkra slíka undir formerkjum Bjarna og gerir hann grein fyrir þeim í kynningu sinni. Þá voru námskeið haldin fyrir fráskilda foreldra í nafni **Áfram ábyrg** verkefnisins. Fundir með foreldrum fermingarbarna eftir guðsþjónustur geta einnig fallið undir þetta svið en fyrirhugað er að efla enn þá fræðslu. Málþingin sem haldin hafa verið eru þó helsti vettvangurinn þar sem unnið hefur verið á þessum nótum. Með því að beina kröftunum að afmörkuðum vel kynntum viðburðum má fá fleiri gesti, gefa má erindi út og vinna svo í framhaldinu frekar að því sem fjallað hefur verið um.
- ❖ **Göngumessur** eru fastur hluti sumardagskrárinnar. Verða þær stöðugt fjölbreyttari. Þá hafa „**pop-messur**“ verið nokkrar síðasta vetur en gospelkór æfir í kirkjunni og syngur hann að launum í nokkrum guðsþjónustum.
- ❖ **Tengslin við sjúkrahúsið og aðrar stofnanir** skipa fastan sess í þjónustu prestanna á staðnum með helgihaldi, heimsóknum og bakvakt. Meðal viðburða sem efnt hefur verið til í þessu sambandi, má nefna lestur Passíusálmanna á Hlévangi á föstunni 2007 og samverur nú í vor.

Frekar má vinna í eftirtöldum atriðum:

- ❖ **Kirkjudagur að hausti.** Slíkt kann að vera ögn flókið í ljósi þess hversu viðamikil dagskrá kirkjunnar er nú þegar í vetrarbyrjun.
- ❖ **Heimsóknir til allra skólastiga,** geta að sama skapi vakið upp neikvæð viðbrögð í samfélaginu í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið uppi undanfarið. Rétt er að fara varlega í sakirnar til þess að tefla ekki í hættu því góða samstarfi sem nú er við frístunda- og leikskóla.
- ❖ **Fyrirlestrar fyrir og eftir messu** kynnu að leiða til aukinnar fjölbreytni í helgihaldinu og laða fleiri til þátttöku. Nauðsynlegt er þó að vanda vel til verka á þessu sviði svo nægilegur fjöldi þátttakenda fáiast. Vísast til þess sem að ofan er nefnt.
- ❖ **Vinna með skírnarvotta** væri kærkomin viðbót við æskulýðs- og kærleiksbjónustu safnaðarins.
- ❖ Fengur væri í því að endurreisa **bræðra- og systrafélögin.** Þau gætu lagt sitt af mörkum til fjáröflunar vegna framkvæmda á kirkjuskipi.
- ❖ **Samstarf við leikfélagið** er meðal þess sem mætti hefja undirbúning að. Félagið gæti t.d. tekið þátt í menningardegi í kirkjunni að vori

Yfirskrift stefnumótunarinnar er *Keflavíkurkirkja 2015* og er með því sleginn sá tónn að ekki þurfi öll markmiðin sem þar eru orðið að rætast í einni svipan. Sú er og raunin að ýmsar af þeim hugmyndum sem ræddar eru í stefnumótuninni eru enn á teikniborðinu, aðrar eru e.t.v. komnar í framkvæmd að einhverju leyti án þess að hafa tekið á sig endanlega mynd. Stefnumótun þessa ætti að fara yfir á starfsdegi a.m.k. við upphaf hvers vetrarstarfs. Aðstæður breytast stöðugt og þekking okkar á innviðum og uppbyggingu safnaðarstarfsins verður sífellt meiri og nýjar hugmyndir kvikna. Væri afar gott ef slík vinna færi fram undir formerkjum stefnumótunarinnar.